

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/1808

2026/EES/24/31

frá 1. júlí 2024

um breytingu á reglugerð (ESB) 2023/915 að því er varðar framkvæmdardagsetningu lægri hámarksgilda fyrir drjóna grasdrjónasveppa og beiskjuefni úr grasdrjónasveppi í matvælum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 315/93 frá 8. febrúar 1993 um málsmeðferð fyrir Bandalagið vegna mengunarefna í matvælum (1), einkum 3. mgr. 2. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/915 (2) voru fastsett hámarksgildi fyrir tiltekin aðskotaefni í matvælum, þ.m.t. drjóna grasdrjónasveppa og beiskjuefni úr grasdrjónasveppi.
- Lægri hámarksgildi fyrir drjóna grasdrjónasveppa í óunnu rúgkorni og beiskjuefni úr grasdrjónasveppi í möluðum afurðum úr byggi, hveiti, spelti og höfrum (með öskuinnihald undir 900 mg/100 g þurrefnis), möluðum afurðum úr rúgi og rúgi sem settur er á markað fyrir lokaneytendur eiga að koma til framkvæmda frá og með 1. júlí 2024 samkvæmt liðum 1.8.1.2, 1.8.2.1 og 1.8.2.3 í töflunni í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2023/915.
- Framkvæmdastjórnin hafði samráð við aðildarríki og hagsmunaaðila til að vakta framvinduna í áttina að þessum lægri hámarksgildum og til að meta þessi gildi í ljósi breytinga á starfsvenjum í landbúnaði sem og vegna loftslagsþátta og umhverfislegra þátta.
- Eftir ítarlega athugun á upplýsingunum sem lagðar voru fram var komist að þeirri niðurstöðu að enn ekki sé unnt að ná lægri hámarksgildum fyrir drjóna grasdrjónasveppa í óunnu rúgkorni og fyrir beiskjuefni úr grasdrjónasveppi í möluðum afurðum úr hveiti (með öskuinnihald undir 900 mg/100 g þurrefnis), möluðum afurðum úr rúgi og rúgi sem settur er á markað fyrir lokaneytendur vegna aukningar á útbreiðslu drjóna grasdrjónasveppa og beiskjuefna úr grasdrjónasveppi í kornvörum vegna loftslagskilyrða.
- Því er rétt að fresta beitingu lægri hámarksgildanna fyrir drjóna grasdrjónasveppa í óunnu rúgkorni um eitt ár og fyrir beiskjuefni úr grasdrjónasveppi í möluðum afurðum úr hveiti (með öskuinnihald undir 900 mg/100 g þurrefnis), möluðum afurðum úr rúgi og rúgi sem settur er á markað fyrir lokaneytendur um fjögur ár.
- Til að tryggja snurðulausa umbreytingu og raska ekki viðskiptum með matvæli úr korni sem var uppskorið fyrir þær dagsetningar þegar lægri hámarksgildin taka gildi ætti að heimila að matvæli sem voru sett á markað á löglegan hátt fyrir þessar dagsetningar, sem eru í samræmi við hámarksgildin sem voru í gildi þegar þau voru sett á markað, megi vera áfram á markaði til síðasta dags lágmarksgeymsluþols þeirra eða til síðasta notkunardags.
- Því ætti að breyta reglugerð (ESB) 2023/915 til samræmis við það.
- Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fôður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L, 2024/1808, 2.7.202. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 14/2026 frá 6. febrúar 2026 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. EB L 37, 13.2.1993, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/1993/315/oj>.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/915 frá 25. apríl 2023 um hámarksgildi fyrir tiltekin aðskotaefni í matvælum og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1881/2006 (Stjtið. ESB L 119, 5.5.2023, bls. 103, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2023/915/oj>).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) 2023/915 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 1. mgr. 10. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað inngangsorðanna kemur eftirfarandi:

„Matvæli sem voru sett á markað á löglegan hátt fyrir dagsetningarnar sem um getur í a- til n-lið mega vera áfram á markaði til síðasta dags lágmarksgeymsluþols þeirra eða til síðasta notkunardags.“

b) Eftirfarandi liðum er bætt við:

„l) 1. júlí 2024 að því er varðar hámarksgildi fyrir beiskjuefni úr grasdrjólaveppi sem sett eru fram í lið 1.8.2.1 í I. viðauka,

m) 1. júlí 2025 að því er varðar hámarksgildi fyrir drjóna grasdrjólaveppa sem sett eru fram í lið 1.8.1.2 í I. viðauka,

n) 1. júlí 2028 að því er varðar hámarksgildi fyrir beiskjuefni úr grasdrjólaveppi sem sett eru fram í liðum 1.8.2.1a og 1.8.2.3 í I. viðauka.“

2) Ákvæðum I. viðauka er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. júlí 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (ESB) 2023/915 er breytt sem hér segir:

1) Í stað liðar 1.8.1.2 í töflunni í færslunni fyrir drjóla grasdrjólaveppa kemur eftirfarandi:

„1.8.1.2	Óunnin rúgkorn	0,5 0,2 frá og með 1. júlí 2025“	
----------	----------------	-------------------------------------	--

2) Lið 1.8.2. í töflunni í færslunni fyrir beiskjuefni úr grasdrjólaveppi er breytt sem hér segir:

a) Í stað liðar 1.8.2.1 kemur eftirfarandi:

„1.8.2.1	Malaðar afurðir úr byggi, spelti og höfrum (með öskuinnihald undir 900 mg/100 g þurrefnis)	100 50 frá og með 1. júlí 2024“	
----------	--	------------------------------------	--

b) Eftirfarandi lið 1.8.2.1a er bætt við á eftir lið 1.8.2.1:

„1.8.2.1a	Malaðar afurðir úr hveiti (með öskuinnihald undir 900 mg/100 g þurrefnis)	100 50 frá og með 1. júlí 2028“	
-----------	---	------------------------------------	--

c) Í stað liðar 1.8.2.3 kemur eftirfarandi:

„1.8.2.3	Malaðar afurðir úr rúgi Rúgur sem settur er á markað fyrir lokaneytendur	500 250 frá og með 1. júlí 2028“	
----------	---	--	--